

## Hótel Reynivellir, Sveitarféluginu Hornafirði

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 18. nóvember 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá ARKÍS arkitektum, f.h. Skúla Sigfússonar, um uppbyggingu hótels að Reynivöllum, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 12.04 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hótel Reynivellir. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. ARKÍS arkitektar, nóvember 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Sveitarféluginu Hornafirði 4. janúar 2022, Heilbrigðiseftirliti Austurlands 30. nóvember 2021, Minjastofnun Íslands 8. desember 2021, Náttúrufræðistofnun Íslands 21. desember 2021, Veðurstofu Íslands 21. desember 2021 og Vegagerðinni 14. desember 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 6. og 9. janúar 2022.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í byggingu hótels og mannvirkja fyrir verslun og þjónustu auk bílastæða á alls um 10 ha lóð. Heildar byggingarmagn fyrir hótel verður  $4.800 \text{ m}^2$  en um  $1000 \text{ m}^2$  fyrir verslun og þjónustu, m.a. fyrir veitinga – og bensínsölu. Gert er ráð fyrir að hótelbygging verði  $10 \text{ m}$  há á tveimur hæðum og um  $16 \text{ m}$  breið og verður hægt að taka á móti allt að  $200$  gestum í gistingu í  $100$  gistirýmum auk þess sem gert er ráð fyrir sölu veitinga í matsal. Í deiliskipulagsskilmálum er gerð krafa um vandað útlit húsa og lóðar og að gætt verði samræmis í heildaryfirbragði bygginga á lóð en frekari útfærsla hönnunar liggur ekki fyrir á þessu stigi. Gert er ráð fyrir allt að  $20$  starfsmönnum en starfmannafjöldi verður breytilegur eftir árstíma, vikudögum og tíma sólarhrings. Þá verður tryggt að útvegun á neysluvatni uppfylli gildandi reglur um magn og gæði samkvæmt gæðakröfum reglugerðar um neysluvatn og er gert ráð fyrir vatnsöflun úr nýrri borholu sem staðsett verður innan lóðarmarka og að vatnsþörf verði  $5\text{-}6 \text{ l/s}$ .

#### Fráveita

Allt frárennsli frá mannvirkjum verður hreinsað eins og kveðið er á um í gildandi reglugerð um fráveitur og skólp með að minnsta kosti tveggja þrepa hreinsun auk þess sem frárennsli frá eldhúsum verður meðhöndlað í fitugildrum. Áætlað skólpengunarálag miðað við lokauppbryggingu er 430 persónueiningar. Ofanvatn af bílastæðum og öðrum flötum, sem gæti innihaldið mengunarefni á borð við olíu og þungmálma, verður hreinsað áður með blágrænum ofanvatnslausnum, með olíu- og sandföngum, eða með öðrum sambærilegum aðferðum. Endanleg



stærð, staðsetning og útfærsla hreinsimannvirkja verður unnin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

### Náttúruvá

Fyrirliggjandi er flóðagreining á áhrifum 100 ára flóðs í Fellsá. Þar kemur fram að dýpt mögulegs flóðs á fyrirhuguðu byggingasvæði sé á bilinu 0-0,7 m. Samkvæmt greinargerð framkvæmdaraðila verður tekið tillit til flóða við hönnun og hæðarsetningu mannvirkja og tryggt að lægsti gólfkóti bygginga verði í öruggri hæð ofan við framangreinda flóðahæð. Efni til hækjunar á landi verður tekið úr Fellsá í landi Reynivalla.



Mynd 1. Appelsínugulir fletir: Byggingar. Gulur hringur: Staðsetning hreinsivirkis. Fölblikur hringur: Safnþró með olíuskilju. Flötur afmarkaður með ljósblárri, brotinni línu: Vatnstökusvæði. Gráir fletir: Aðkomuvegur, bílastæði og plönn fyrir bensíndælur. Fjólublá, brotin lína: Lóðaafmörkun. (Úr greinargerð framkvæmdaraðila).

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að umhverfisáhrif séu talin óveruleg á gróður og fugla, jarðmyndanir og landnotkun auch þess sem ekki er talin vera til staðar hætta vegna flóða. Áhrif eru talin neikvæð á ásýnd og náttúrulegt landslag þar sem svæðið við núverandi aðstæður er óbyggjt. Framkvæmdin mun að mati framkvæmdaraðila hafa jákvæð áhrif á samfélag á svæðinu þar sem gera má ráð fyrir auknum atvinnumöguleikum og að byggð styrkist með aukinni uppbyggingu þjónustu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki staðsett innan náttúruverndarsvæðis og þótt framkvæmdinni fylgi rask á óröskuðu gróðurlendi er það ekki metið með mjög hátt verndargildi. Mestu áhrifin verða á landslag og ásýnd svæðisins og mjög mikilvægt er að byggingar og önnur mannvirki falli sem best inn í landslagið. Þá þarf að draga úr óþarfa raski og hlífa gróðri sem ekki á að raska á framkvæmdatíma. Hlífa þarf Hrollaugshólum við óþarfa raski, einnig við framkvæmd vatnstöku á svæðinu.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar.



## Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og fyrir liggur deiliskipulagstillaga Reynivalla II sem bíður samþykkis.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og ýmsum leyfum Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Ef fyrirhugaðar framkvæmdir ná inn á veghelgunarsvæði þarf að leita leyfis Vegagerðarinnar.

## 5 Niðurstaða

Um er að ræða byggingu hótel og annarra þjónustumannvirkja sem verða alls tæplega 6000 m<sup>2</sup> að stærð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 12.04 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar, mengun, og hættu á náttúruhamförum sem varða framkvæmdina sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar með hliðsjón af því hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða og landnotkunar sem fyrir er, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Áhrif framkvæmdar ber jafnframt að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Áform framkvæmdaraðila ganga út á að reisa tveggja hæða hótelbyggingu auk veitingastaðar sem verður um 5.000 m<sup>2</sup> auk þess sem gert er ráð fyrir um 1000 m<sup>2</sup> mannvirkjum fyrir verslun og þjónustu ásamt bílastæðum. Gert er ráð fyrir að á hótelið geti tekið á móti allt að 200 gestum.

Um er að ræða nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir á svæði sem er að stærstum hluta lítt grónar áreyrar en svæðið ber að öðru leyti ekki ummerki mannlegra umsvifa. Fyrirhuguð uppbygging mun þannig breyta ásýnd svæðisins nokkuð og leggur Skipulagsstofnun áherslu á að byggingar og önnur mannvirkni falli sem best að landslagi hvað varðar útlit og umfang bygginga og frágang lóðar eins og deiliskipulagstillaga gerir ráð fyrir. Fyrir liggur að frárennslí verður hreinsað með a.m.k. tveggja þepa hreinsun í hreinsivirki sem verður reist og útfært í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Framkvæmdin er ekki staðsett innan náttúruverndarsvæðis og þótt framkvæmdinni fylgi rask á óróskuðu gróðurlendi er það ekki metið með hátt verndargildi. Þá eru engar þekktar fornminjar á svæðinu. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan svæðis sem hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði en það svæði er afar víðfeðmt eða um 24.000 ha. Að mati Skipulagsstofnunar eru áhrif á fugla vegna mannvirkjagerðar ekki líkleg til að verða veruleg þar sem framkvæmdasvæðið er gróðurlítið að stórum hluta og mannvirkjagerð ekki umfangsmikil. Varðandi flóðahættu tekur Skipulagsstofnun undir umsögn Veðurstofu Íslands um að ef varnargörðum verður vel við haldið og hönnun bygginga hagað í samræmi við niðurstöður flóðareikninga mun verða dregið verulega úr hættu vegna flóða.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við byggingu hótel og við tengdar framkvæmdir felast fyrst og fremst í áhrifum á ásýnd og landslag. Áhrifin verða varanleg en byggt á framlögðum gögnum eru þau að mati Skipulagsstofnunar bundin við afmarkað svæði og ekki líkleg til að hafa áhrif á marga.



## Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrilliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. febrúar 2022.

Reykjavík, 13. janúar 2022

Jakob Gunnarsson